

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands

Markmið, árangur og áskoranir



Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Árborg
12.-19. ágúst 2019

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Markmið og verkefni

Hvað er seðlabanki?

- Verkfæri ríkisvaldsins sem nýtur skilgreindra sérréttinda og notar sjóð til að eiga viðskipti við fjármálastofnanir og á fjármálamarkaði. Markmiðin, form tengsla við ríkisvaldið og aðferðirnar breytast í árunna rás.
- Banki bankanna og banki ríkisins.
- Nú á tímum er algengast að seðlabankar hafi verðstöðugleika og fjármálastöðugleika að markmiði

Markmið Seðlabanka Íslands

Verðlag

Seðlabanki Íslands skal stuðla að stöðugu verðlagi – heimild til að lýsa yfir tölulegu verðbólgu markmiði með samþykki ráðherra

Fjármála- stöðugleiki

Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika

Stefna ríkis- stjórnar

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans

Önnur helstu verkefni Seðlabankans

- Varðveita gjaldeyrisvarasjóð
- Stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd
- Útgáfa seðla og myntar
- Bankþjónusta fyrir ríkissjóð og ráðgjöf við ríkisstjórn varðandi gjaldeyrismál, erlendar lántökur og fleira
- Samskipti við alþjóðlegar stofnanir (t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðagreiðslubankann)
- Tölfræðiupplýsingar, rannsóknir og útgáfur

Úrlausn fjármálakreppunnar og efnahagsleg endurreisn

- Endurreisn greiðslumiðlunar gagnvart útlöndum
- Efnahagsáætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 2008-2011
- Framkvæmd og losun fjármagnshafta
- Endurheimtur krafna á fallin fjármálafyrirtæki: Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ)
- Endurreisn fjármálakerfisins á öruggari grunni

Árangur við úrlausn kreppunnar

Efnahagsáætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum

- Í kjölfar bankahrunsins óskuðu íslensk stjórnvöld formlega eftir samstarfi við AGS – áætlun samþykkt í nóvember 2008.
- Samkomulag var gert á grundvelli efnahagsstefnu sem hafði þrjúþætt markmið.
 - Gengisstöðugleiki
 - Sjálfbær ríkisfjármál
 - Endurreisn fjármálakerfisins
- Fjármögnun í tengslum við áætlunina var mikil og nam 3,9 milljörðum evra eða um 44% af VLF 2008.
- Dregið var á lánin að fullu til að efla traust (fjármunum ekki ráðstafað í annað en að efla gjaldeyrisforða).
- Efnahagsáætluninni lauk 2011 og markmiðum var náð.
- Lánin voru endurgreidd fyrir gjalddaga á árunum 2012-2015.

Fjármagnshöft

- Tókst að fá höftin til að virka eins og að var stefnt með breytingum á reglum haustið 2009, uppbyggingu gjaldeyriseftirlits og með því að setja bú föllnu bankanna undir þau á árinu 2012
- => skjól til endurreisnar og tiltektar í efnahagsreikningum banka, heimila og fyrirtækja
- Framkvæmd varðandi eftirlit og undanþágur gekk vel en vandamál komu upp varðandi rannsóknir (að hluta vegna annmarka við setningu laga og reglna)
- Greiðslujafnaðarvandinn:
 - Aflandskrónur: rúm 40% af landsframleiðslu
 - Óvarðar innlendar eignir slitabúa: nærri 50% af landsframleiðslu
 - Of stuttur greiðsluferill erlendra skulda aðila sem gátu þá illa endurfjármagnað (skuld nýja Landsbankans við þann gamla)
 - Upphlaðin þörf innlendra aðila fyrir erlendar eignir (lífeyrissjóðir)

Losun fjármagnshafta


- Lækkun stöðu aflandskróna með gjaldeyrisútboðum og samningum 2010-2017 (Avens, útboð 2011-15, stórútboð með forða 2016 og viðskipti 2017)
- Eftir þessar aðgerðir var staðan komin niður í 7% af landsframleiðslu og hrein erlend skuldastaða lækkaði um 8% af landsframleiðslu vegna þeirra
- Uppgjör slitabúa á grundvelli nauðasamninga með stöðugleikaframlögum 2015: 16,5% af VLF bein framlög, lækkun erlendrar skuldastöðu: 13,5% af VLF
- => Hrein erlend skuld þjóðarbúsins lækkaði í heild um 22% af VLF vegna ofangreindra aðgerða
- Losun á innlenda aðila 2016-2017 (stóra skrefið í mars 2017)
- Fjármagnshöftin voru losuð án efnahagslegs og fjármálalegs óstöðugleika, án þess að nýta um of gjaldeyrisforða Seðlabankans og án teljandi lagalegra eftirmála vegna þeirra aðgerða sem gripið var til í því skyni að losa höftin – vakið athygli erlendis sem árangursrík aðgerð

Endurheimta krafna á fallin fjármálafyrirtæki


- Bókfært verðmæti eigna sem fóru inn í ESÍ í upphafi var um 491 milljarður króna.
- Til viðbótar við þá fjármuni hefur ESÍ skilað um 161 milljarði króna til Seðlabankans og ríkissjóðs í formi vaxta, arðs og skattgreiðslna, þrátt fyrir að m.a. hafi þurft að afskrifa háar fjárhæðir vegna „Kaupplingslánsins“ svokallaða.
- ESÍ var slitið í upphafi árs 2019, ríflega 9 árum frá stofnun þess.

Endurreisn bankakerfisins

Eignir innlánsstofnana 2007 og 2018



Innlánsstofnanir: eiginfjár- og vogunarhlutföll og vanskil¹



1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. 2. Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni. 3. Skv. IFRS-stöðlum. 4. Útlán sem ekki hefur verið greitt af í 90 daga eða lengur (lánaaðferð).
 Heimildir: Ársreikningar innlánsstofnana, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Árangur í efnahagsmálum

Staðan fyrir 10 árum

- Í miðjum mesta efnahagssamdrætti frá fyrri heimsstyrjöldinni
- Landsframleiðsla dróst saman um 13% og náði botni á fyrsta ársfjórðungi 2010
- Atvinnuleysi var á uppleið og náði hámarki yfir 8% á fjórða ársfjórðungi 2010
- Verðbólga var 19% í janúar 2009 – 12% um mitt ár
- Stýrivextir 18% í janúar 2009 – 12% um mitt ár
- 10% halli á ríki og sveitarfélögum 2009
- Erlendar skuldir umfram eignir þjóðarbúsins 130% ef horft var í gegnum bú föllnu bankanna

Staðan fyrir 10 árum - 2

- Gjaldyrisforðinn var allur fenginn að láni erlendis
- Við vorum að forminu til með altæk fjármagnshöft en þau voru ekki að virka eins og stefnt var að
- Aflandskrónur rúm 40% og vandinn í búunum óþekktur
- Öll þrjú meginmarkmið áætlunar með AGS voru í óvissu eða uppnámi (gengisstöðugleiki, sjálfbær ríkisfjármál og endurreisn bankakerfisins)

Hvar erum við nú?


- Þjóðartekjur á mann 2018 12% hærrí en árið 2007 og við stöndum framar meðal þjóða en fyrir kreppu
- Kaupmáttur launa 24% hærrí
- Full atvinna og gott betur þrjú sl. ár
- Verðbólga hefur verið nálægt markmiði í bráðum sex ár – nú 3,1%
- Hið opinbera stendur sterkt
- Vextir lágir í sögulegu samhengi: meginvextir Seðlabankans 3,75% og vextir 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa undir 4%

Hvar erum við nú? 2


- Gjaldeyrisforði sem nemur um fjórðungi af landsframleiðslu er nær allur fjármagnaður innanlands
- Þjóðin á eignir umfram skuldir erlendis sem nema 21% af landsframleiðslu

Stóraukinn viðnámsþróttur


Hrein erlend staða²




Gjaldeyrisforði Seðlabankans³



Skuldir heimila¹



Skuldir fyrirtækja²



1. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF. 2. Hrein erlend staða þjóðarbúsins sem % af VLF. 3. Gjaldeyrisforði sem % af VLF. 4. Frávik raungengis frá metnu jafnvægisraungengi.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Peningastefnan

Endurbætur á peningastefnunni eftir fjármálakreppu (rit Seðlabankans 2010)

Verðbólguþröskur
plús

Sveigjanlegt
verðbólguþröskur

Stýrt flotgengi

Fleiri tæki

Gjaldeyrisinngrip

Fjárstreymistæki


Samspil við
ríkisfjármál og
varúðarstefnu

Fjármálaþreglur

Þjóðhagsvarúð

Verðbólga náði hámarki 2009 en minnkaði samfelld eftir því sem gengi krónunnar náði jafnvægi. Peningastefnan hefur náð að halda verðbólgu nálægt markmiði nú í bráðum sex ár


Verðbólga og meginvextir Seðlabankans 1. ársfj. 2004 - 3. ársfj. 2019



Fjármagnsflæði og gengi krónunnar



Fjármagnsflæði, viðskiptajöfnuður og raungengi 1995-2018¹



1. Fjármagnsflæði utan breytinga á gjaldeyrisforða . Brúttó fjármagnsflæði er meðaltal heildarinnstreymis og heildarútstreymis fjármagns. Viðskiptajöfnuður án áhrifa fallinna fjármálafyrirtækja 2008-2015 og lyfjafyrirtækisins Actavis 2009-2012 á jöfnuð frumþáttatekna. Einnig hefur verið leiðrétt fyrir óbeint mældri fjármálaþjónustu (FISIM) fallinna fjármálafyrirtækja. Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag (20 ára meðaltal 1998-2017).


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Vextir í sögulegu lágmarki




Meginvextir Seðlabanka Íslands og nafnvextir á markaði¹

1. ársfj. 2001 - 3. ársfj. 2019



Raunvextir á löngum lánum 1990-2019²



1. Gögn til og með 31. júlí 2019. Vextir skuldabréfa 5 ára vextir út frá metnum nafnvaxtaferli. Vextir húsnæðislána einfalt meðaltal lægstu útlánsvaxta þriggja stærstu viðskiptabankanna. 2. Ársmeðaltöl, gögn til og með 30. júlí 2019. 5. Verðtryggðir ríkisskuldabréfavextir eru samsettir úr gögnum um frumútbod spariskírteina og ávöxtun íbúðabréfa og verðtryggðra ríkisbréfa. Vextir verðtryggðra íbúðalána viðskiptabanka og sparisjóða eru vextir Húsnæðisstofnunar/Íbúðalánasjóðs til og með júní 2004 en frá þeim tíma vegið meðaltal lægstu vaxta verðtryggðra íbúðalána hjá bönkum og sparisjóðum. Vextir lífeyrissjóða eru ársmeðaltöl lægstu vaxta.

Heimildir: Íbúðalánasjóður, Almenni lífeyrissjóðurinn, Arion banki, Festa lífeyrissjóður, Gildi lífeyrissjóður, Íslandsbanki, Landsbankinn, Lsj. verslunarmanna, LSR, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Stöðugleiki fjármálakerfisins

Endurbætur á sviði fjármálastöðugleika eftir fjármálakreppuna: skipulag og regluverk

- Varúðarstefna eftir fjármagnshöft (rit Seðlabankans 2012)

Fjármálafyrirtæki:

- Hertar lausafjárreglur
- Reglur um stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum (takmarka skammtímafjármögnun erlendis)
- Auknar eiginfjárkröfur
- Takmarkanir á gjaldeyrisójafnvægi

Lántakendur:

- Hámark veðsetningarhlutfalls
- Heimild í lögum að takmarka gjaldeyrislán til óvarinna aðila

Fjármagnsflæði:

- Fjárstreymistæki beitt til að stemma stigum við óstöðugu innflæði erlends fjármagns

- Umgjörð um fjármálastöðugleika bætt 2014. Kerfisáhættunefnd og fjármálastöðugleikaráð stofnað – tilmælavald um beitingu þjóðhagsvarúðartækja. Aðkoma Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins


Traustara bankakerfi



Ár	2007	2018
Stærð bankakerfisins (% af VLF)	900	130
Eiginfjárfkrafa (%)	8,0	20,4
Eiginfjárhlutfall án víkjandi lána (%)	6,8	21,8
Vogunarhlutfall	6,4	15,0
Heimild: <i>Seðlabanki Íslands.</i>		

Áskoranir framtíðarinnar

Skipulag, nefndir og tæki sameinaðs Seðlabanka



Hagkvæm og örugg greiðslumiðlun

- Rafrænar greiðslulausnir hérlendis byggja flestar á innviðum erlendra kortakerfa ólíkt því sem víða þekkist og innlendar greiðslur fara í miklum mæli í gegnum útlönd – í þessu felst áhætta
- Mikilvægt að tryggja hagkvæmar varaleiðir í rafrænni smágreiðslumiðlun
 - Óháð og sjálfstæð innlend greiðslulausn sem byggir á innlánareikningum bankakerfisins gæti þjónað sem varaleið
 - Rafkróna, útgefin af Seðlabankanum sem myndi gegna sama hlutverki og seðlar og mynt, gæti einnig þjónað sem varaleið
- Greiðslumiðlun getur varðað þjóðaröryggi

Samandregið

- Úrlausn fjármálakreppunnar er lokið með miklum árangri
- Tekist hefur að ná markmiðum peningastefnunnar og varðandi fjármálastöðugleika á undanförnum árum
- Með því að taka í notkun fleiri tæki hefur tekist að láta gengi krónunnar þróast til sveiflujöfnunar fremur en sveiflumögnunar eins og var raunin fyrir fjármálakreppuna
- Við erum betur í stakk búin til að takast á við efnahagsleg áföll en kannski nokkru sinni fyrr í sögu okkar

